

Sóknaráætlun Vestfjarða - 2015

Árleg greinargerð Fjórðungssambands Vestfirðinga um
framkvæmd samnings um sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019

17. febrúar 2016



Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Mat á árangri sóknaráætlunar á árinu	3
2. Fjárframlög til samningsins.....	4
3. Samráðsvettvangur	5
4. Áhersluverkefni	6
5. Uppbyggingasjóður	12
6. Samstarfsverkefni landshluta	19
7. Lokaorð	20
8. Undirritun og staðfesting	20
9. Viðauki – leiðbeiningar og skilgreining hugtaka í töflum	21

Inngangur

Samningur um Sóknaráætlun Vestfjarða var undirritaður af fulltrúum stjórnvalda og Fjórðungssambands Vestfirðinga þann 10. febrúar 2015. Eftir undirritun hófst vinna að því að framfylgja samningnum með stefnumörkun og áætlanagerð, vali og framkvæmd áhersluverkefna sem unnin yrðu innan ramma Sóknaráætlunar Vestfjarða og stuðningi við verðug verkefni með framlögum úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða.

1. Mat á árangri sóknaráætlunar á árinu

Á árinu 2015 hefur mikil stefnumótun farið fram á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga í tengslum við Sóknaráætlun Vestfjarða á grunni stefnumótunarvinnu og markmiðasetningu fyrri ára. Kallaður var saman nýr samráðsvettvangur um sóknaráætlun sem breikkar þann hóp sem sinnir stefnumótun fyrir landshlutann.

Vel hefur gengið að framfylgja helstu áherslum og markmiðum sóknaráætlunar og markmiðum samningsins, að því marki sem skammtaðir fjármunir áætlunarinnar gefa tilefni til. Það sem helst stendur í vegi fyrir enn betri árangri af sóknaráætlunum landshlutanna er skortur á fjármagni. Framlög til sóknaráætlana 2015 voru í raun samantekt á því fjármagni sem lagt var til menningarsamninga, vaxtarsamninga og sóknaráætlunar á árinu áður. Í raun var um skerðingu á milli árána 2014 og 2015 að ræða, því ekki komu verðbætur á þá krónutölu sem stjórnvöld lögðu upp með þessari aðferð, að ætti að vera framlag þess til sóknaráætlana landshlutanna og á árunum þar á undan hafði fjármagn til þessara samninga verið skorið umtalsvert niður.

Umtalsvert meira fjármagn þarf til svo að hægt sé að kalla sóknaráætlanirnar vel heppnaða aðferð til að nálgast þau markmið sem að er stefnt í hverjum landshluta. Að sama skapi þarf ríkisvaldið að ráðast í verulegar framkvæmdir til að tryggja og jafna grunnþjónustu og innviði í ólíkum landhlutum, varðandi t.d. fjarskipti, ljósleiðaravæðingu, samgöngur, raforkuöryggi og aðgengi að þjónustu í heimabyggð. Til að árangur náist á Vestfjörðum þarf þetta tvennt að fara saman, aðeins með framkvæmdum og fjármagni verður samkeppnishæfni Vestfjarða í atvinnumálum og varðandi íbúapróun hliðstæð því sem er í öðrum landshlutum.

Þrátt fyrir þetta má segja að ágætur árangurs hafi náðst í þeim verkefnum sem svigrúm var til að ráðast í eða styrkt voru af Uppbyggingarsjóði. Þó ber einnig að líta til þess að árangur af starfi ársins 2015 er ekki enn kominn í ljós að fullu. Komið var fram yfir áramót þegar fyrirkomulag lá fyrir og samningur var undirritaður og þá fyrst gat vinna hafist við undirbúning og skipulagningu á grundvelli samningsins. Styrkjum úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða var ekki úthlutað fyrr en um mánaðarmótin júní og júlí. Því er mörgum verkefnum sem sjóðurinn styrkti á árinu 2015 enn ólukið og ekki verður að fullu lagt mat á árangur þeirra fyrr en lokaskýrslur eru komnar í hús.



2. Fjárframlög til samningsins

Heildarframlag ríkisins til Sóknaráætlunar Vestfjarða 2015 var kr. 81.590.726.- Samkvæmt samningnum sjálfum skiptist framlag ríkisins þannig að framlag atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis var kr. 51.924.164.- og framlag mennta- og menningarmálaráðuneytis var kr. 29.666.562.- Framlag sveitarfélaga á Vestfjörðum sem er sérmerkt menningarmálum var kr. 7.910.000.-

TAFLA 1: HEILDARFJÁRHÆÐ TIL RÁÐSTÖFUNAR

	fjárhæðir í kr.				
	2015	2016	2017	2018	2019
Framlög ríkisins	81.590.726				
Framlög sveitarfélaga til menningarmála	7.910.000				
Önnur framlög	0				
Flutt frá fyrra ári v. Sókn 2013	800.000				
Gr. vegna vaxtarsam. 2014	17.955.000				
Menningarráði v. eldri styrkja	7.595.000				
Vaxtatekjur á árinu 2015	1.756.467				
Heildarupphæð	117.609.208				
Ráðstafað á árinu	116.260.000				

Til skýringar á töflu 1 skal tekið fram að vaxtatekjur sem færðar eru á árinu 2015 koma til á síðasta degi ársins. Önnur framlög voru engin. Samkvæmt samningi um sóknaráætlun var flutt frá fyrra ári kr. 800.000.- vegna ólokans verkefnis Háskólaseturs Vestfjarða sem var hluti af Sóknaráætlunar 2013. Því var lokið og upphæðin greidd á árinu 2015. Vegna Vaxtarsamnings 2014 voru eftirstöðvar í ógreiddum styrkjum í ársbyrjun 2015 að upphæð 17.955.000.- og var sú upphæð greidd til AtVest sem sá um útborgun styrkjanna á árinu 2015. Vegna eldri styrkvilyrða Menningarráðs Vestfjarða sem voru greidd út á árinu 2015 telst framlag að upphæð 7.595.000.-

TAFLA 2: SKIPTING FRAMLAGA

Tafla 2: Skipting framlaga

	fjárhæðir í kr.				
	2015	2016	2017	2018	2019
Áhersluverkefni	22.710.000				
- stofn- og rekstrarstyrkir	0				
Uppbyggingarsjóður	68.750.000				
- stofn- og rekstrarstyrkir	16.800.000				
Umsýsla	8.000.000				
Samtals	116.260.000	0	0	0	0

Undir áhersluverkefni eru framlög til áhersluverkefna, framlög sveitarfélaga til menningarmála og eftirstöðvar vegna eldra áhersluverkefnis að upphæð 800 þús sem ógreitt var til Háskólaseturs Vestfjarða frá 2013 og yfirfært var samkvæmt samningi um Sóknaráætlun Vestfjarða sem undirritaður var 10. febrúar 2015. Undir Uppbyggingarsjóði eru framlög að upphæð 43,2 millj. til nýrra verkefnastyrkja, einnig eldri styrkir greiddir á árinu 2015 vegna

Vaxtarsamnings Vestfjarða að upphæð 17.955.000.- og eldri styrkir Menningarráðs Vestfjarða að upphæð 7.595.000.- greiddir á árinu 2015. Þessar upphæðir voru færðar inn í Sóknaráætlun Vestfjarða úr þessum eldri samningum.

Ákveðið var af stjórn FV að stofn- og rekstrarstyrkjum til menningarstofnana yrði úthlutað innan vébanda Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða af úthlutunarnefnd sjóðsins á grundvelli umsókna, en væru ekki sérstakt áhersluverkefni. Til slíkra styrkja runnu að þessu sinni 16,8 millj. Talið var mjög mikilvægt að þessi tegund styrkja væri ekki skorin frekar niður frá því sem var á tímum Menningarráðs Vestfjarða. Framlög ríkisvaldsins til menningarverkefna og uppbyggingar á Vestfjörðum var mun hærri á fyrri árum, á meðan fjárlaganefnd Alþingis ákvað úthlutanir til slíkra verkefna í tengslum við afgreiðslu fjárlaga á grundvelli umsókna til nefndarinnar. Þannig hefði fjölda verkefna sem tengjast einkum menningararfi og menningartengdri ferðaþjónustu á Vestfjörðum verið hjálpað af stað við umfangsmikla uppbyggingu, en þau síðan að nokkru leyti verið skilin eftir á köldum klaka og að mestu án stuðnings áður en uppbyggingarferlinu var lokið, með þeim skipulagsbreytingum sem fylgdu því að fjárlaganefnd hætti að taka á mótí umsóknum á þessu sviði.

3. Samráðsvettvangur

Samkvæmt samþykkt stjórnarfundar FV þann 11. maí 2015 var óskað var eftir tilnefningum sveitarfélaga á Vestfjörðum í samráðsvettvang. Sent var erindi á sveitarfélögin þann 19. maí 2015. Í samþykkt stjórnar sagði; hlutverk samráðshóps er að fjalla um áherslur sem FV og Atvest setja fram í greinargerð um Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019. Stuðst skal við efnisatriði sóknaráætlunar 2013 og 2014 og niðurstöður opinna funda um viðfangsefni sóknaráætlunar Vestfjarða 2015-2019, þ.e. fundir sem haldnir voru á Patreksfirði, Hólmavík og Ísafirði í janúar sl.

Lagt var til við sveitarfélögin að tilgreina einn fulltrúa úr sveitarstjórn og síðan 1-6 einstaklinga innan sín svæðis með þekkingu og áhuga á þeim sviðum sem snerta viðfangsefni sóknaráætlunar, þ.e. nýsköpun og atvinnuþróun, menningu, mannauð og lýðfræðilega þróun. Ekki var gerð krafa um að tilgreindir yrðu einstaklingar í alla flokka, því var sett að viðmiði að 2 til 7 fulltrúar yrðu tilnefndir af hverju sveitarfélagi.

Úr þessum hópi var ætlunin að stjórn FV veldi ákveðinn fjölda (25-30) þar sem gætt yrði jafnræðis á milli kynja, á milli byggðarlaga og á milli málaflokka. Einnig var ætlun stjórnar FV að leggja mat á samsetningu hópsins og kalla til sérfræðinga í ákveðnum málaflokkum ef þörf yrði á. Stefnt var á að samráðsvettvangur kæmi saman í fyrstu eða annarri viku júní og óskað er eftir tillögum sveitarfélaganna fyrir lok maí.

Á fundi stjórnar FV þann 8. júní 2015 var kynnt að fjögur sveitarfélög af níu hefðu skilað inn tilnefningu í samráðsvettvang. Samþykkt var að gefa frest til 16. júní til að ljúka tilnefningum en ef sama staða yrði uppi þá yrði málið metið að nýju. Einnig afgreiddi stjórn tillögur að áhersluverkefnum fyrir árið 2015 sem lagðar yrðu fyrir samráðsvettvang. Engar nýjar tilnefningar bárust frá sveitarfélögum og því ljóst að ekki var mögulegt að kalla saman samráðsvettvang saman fyrir lok júní til að fjalla um sóknaráætlun.

Staða verkefnisins var því endurmetin og fól stjórn FV starfsmönnum að ljúka við greinargerð sóknaráætlunar og útfærslu tillagna um áhersluverkefni fyrir árið 2015. Tillögur, greinargerðir og drög að sóknaráætlun var svo send út 25. júní til kynningar á meðal sveitarfélaga á Vestfjörðum. Einnig var efnið kynnt fyrir öllum þeim aðilum sem sóttu samráðsfundi sem haldnir voru í janúar og til fulltrúa í samráðsvettvanginum.

Þann 28. ágúst var síðan haldinn fundur í fullskipuðum samráðsvettvangi sem í sátu 45 einstaklingar tilnefndir af öllum sveitarfélögunum á Vestfjörðum, en stjórn FV hafði ákveðið á fundi sínum viku fyrr að staðfesta skipun sveitarstjórnanna en fækka ekki í hópnum. Verkefni fundarins var að fjalla um drög að sóknaráætlunar, umsagnir sem borist höfðu og hefja vinnu við gerð tillagna að áhersluverkefnum fyrir árið 2016 og eða til fleiri ára í senn innan áætlunartímabilsins.

Það vekur athygli hversu stór hluti þeirra sem skipaður var í samráðsvettvang um sóknaráætlun af sveitarfélögunum eiga sjálfir sæti í sveitarstjórn eða eru varamenn þar. Þó þarf jafnframt að hafa í huga að í fámönnum sveitarfélögum er þátttaka í sveitarstjórn nær aldrei aðalstarf fólks og þeir fulltrúar eru í mörgum tilvikum um leið ágætir talsmenn og fulltrúar atvinnulífs, fræðasamfélags, stofnanna og félagasamtaka.

TAFLA 3: SKIPAN FULLTRÚA Í SAMRÁÐSVETTVA NG

Bakgrunnur fulltrúa		Búseta fulltrúa		Aldur fulltrúa		Kyn fulltrúa	
Fulltrúi fyrir	Fjöldi	Sveitarfélag	Fjöldi	Aldursbil	Fjöldi	Karl / Kona	Fjöldi
Atvinnulífið	7	Ísafjarðarbær	7	< 25 ára	0	Karlar	19
Fræðasamfélag	3	Vesturbyggð	7	25-39 ára	22	Konur	26
Opinberar stofnanir	6	Bolungarvíkurkaupstaður	5	40-60 ára	20		
Kjörnir fulltrúar	24	Strandabyggð	7	> 60 ára	3		
Félagasamtök	0	Tálknafjarðarhreppur	4				
Menningarstofnun	3	Reykhólahreppur	5				
Sjálfstætt starfandi	2	Súðavíkurhreppur	7				
		Kaldrananeshreppur	2				
Annað		Árneshreppur	1				
Samtals	45	Samtals	45	Samtals	45	Samtals	45

Samráðsvettvangurinn samþykkti fyrirbyggjandi drög að Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019 á fundi sínum 28. ágúst. Jafnframt var ákveðið að óska eftir því við stjórn FV að skipað yrði sjö manna framkvæmdaráð samráðsvettvangsins og miðað við að ekki verði tilnefndir kjörnir fulltrúar úr sveitarstjórnnum.

Á stjórnarfundum FV þann 17. september skipaði svo stjórn FV eftirtalda einstaklinga í samráðsvettvangnum í framkvæmdaráð hans: Dóru Hlín Gísladóttir Ísafjarðarbæ (formann), Eirík Valdimarsson Strandabyggð, Finn Árnason Reykhólahreppi, Gerði Sveindóttir Vesturbyggð, Guðbjörgu Ástu Ólafsdóttir Bolungarvíkurkaupstað, Lilju Magnúsdóttir Tálknafjarðarhreppi og Þorstein H. Þorsteinsson Súðavíkurhreppi.

4. Áhersluverkefni

Á grundvelli þriggja opinna vinnufunda um Sóknaráætlun Vestfjarða sem haldnir voru á þremur stöðum á Vestfjörðum í janúar 2015 komu starfsmenn FV og framkvæmdastjóri AtVest saman til að vinna úr efni þessara hugmyndafunda. Þessi hópur sameinaðist þar um hugmyndir að fimm áhersluverkefnum til að vinna að á árinu 2015 innan vébanda Sóknaráætlunar Vestfjarða og lögðu þær fyrir stjórn FV. Í hugmyndum starfsmanna var áhersla lögð á að mæta helstu vandamálum sem einkenna byggðaþróun og atvinnulíf í fjórðungnum og endurspeglast þessi vandamál glögglega í Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019 sem samþykkt var síðar á árinu.

Einnig var sérstaklega tekið tillit til þeirra geira atvinnulífsins sem gefa tækifæri til vaxtar og sóknar, s.s. ferðaþjónustu og skapandi greina.

Þessi helstu úrlausnarefni í byggðamálum á Vestfjörðum sem áhersluverkefni þurfa að mæta eru eftirtalin að mati starfsmanna FV:

- Óhagstæð mannfjöldapróun, skekkt kynjahlutföll og skekktur aldurspíramídi.
- Of lágt menntunarstig og skortur á ungu háskólamenntuðu fólki. Sóknaráætlun verður að svara hvernig á að laða það á svæðið og fá það til að ílengjast þar.
- Fábreytni of mikil í atvinnulífi. Vantar hálaunastörf í fjórðunginn og aukna fjölbreytni, sérstaklega vantar fleiri góð störf fyrir ungt háskólamenntað fólk.
- Þjónustuframboði er að sumu leyti áfátt og svarar ekki kröfum nútímans.
- Vestfirðingar njóta ekki jafnréttis við íbúa annarra landshluta varðandi aðgang, þjónustu, öryggi og kostnað við ýmsa opinbera þjónustu, s.s. hvað varðar samgöngukerfi, fjarskipti, raforkukerfi og heilbrigðismál svo dæmi séu tekin. Sá aðstöðumunur skekkir samkeppnisstöðu landshlutans á öllum sviðum atvinnulífs og mannlífs.

Tillaga starfsmanna að fimm áhersluverkefnum fyrir árið 2015 voru eftirfarandi:

- Gæðapróun hjá sveitarfélögum (þriggja ára verkefni)
- Fjárfestingarverkefni (þriggja ára verkefni):
- Beinir markaðsaðgerðir fyrir vestfirska ferðaþjónustu
- Kortlagning skapandi greina á Vestfjörðum og hugmyndavinna á grunni hennar
- Frekari þróun háskólastarfs á Vestfjörðum (þriggja ára verkefni)

Einnig var rætt á fundi starfsmanna FV og AtVest um mikilvægi þess að ljúka umhverfissvottun Vestfjarða, fjölgun starfa í skapandi greinum, eflingu háskólastarfs og um leið starfandi rannsóknastofnana og hvernig mætti auka samvinnu þeirra við atvinnulífið. Þar væru tækifæri fyrir ný og áhugaverð verkefni sem mætti þróa áfram. Þá væri mikilvægt að tengja nýsköpunarverkefni betur saman og samþætta við heildina, þannig að ávinningur gæti orðið jafnt fyrir mannlíf og menningu, atvinnulíf og nýsköpun. Þá var rætt hvernig þarf að bjóða nýtt fólk og ný fyrirtæki betur velkomin á svæðið og með markvissari hætti og kynna Vestfirði sem valkost til búsetu og fjárfestinga.

Á fundi stjórnar FV þann 8. júní 2015 var ákveðið að samþykkja tvö af þeim verkefnum sem starfsmenn skilgreindu verkefnum, en hafna öðrum að sinni. Stjórn samþykkti síðan að stofnað yrði til nýs verkefnis um stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum til lengri tíma og tæki það verkefni m.a. tillit til sjónarmiða um auknar gæðakröfur til starfsemi sveitarfélaga og ramma fyrir atvinnulíf, menningu, menntun og umhverfi.

TAFLA 4: ÁHERSLUVERKEFNI

Heiti verkefnis	Framlag (þ.kr.)		Framkvæmdar- aðili	Markmið	Lokaafurð	Verk- tími
	Sóknar- áætlun	Mótfram- lag				
1. Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum	4.000.000	2.100.000	Fjórðungssam- band Vestfirðinga, í samstarfi við ráðgjafastofu og sveitarfélögin	Kortleggja tækifæri í kjölfar samgöngu- og fjarskiptaumbóta	Stefnumörkun til langs tíma, rammi fyrir gerð svæðis- skipulags	2015
2. Inwestfjords	5.000.000	9.000.000	Atvinnuþróunar- félag Vestfjarða	Unnið að fjölda nýrra fjárfestingaverk- efna á árinu 2015	3 ný verkefni komin af stað í árslok	2015

3. Bein markaðssetning	5.000.000	0	Fjórðungssam- band Vestfirðinga, markaðsdeild	Markaðsaðgerðir fyrir ferðaþjónustu	Pátttaka í sýningum, móttaka blaðamanna, auglýsingar og kynningar.	2015
---------------------------------------	-----------	---	---	---	---	------

Á þessum tíma var samráðsvettvangur Sóknaráætlunar Vestfjarða ekki enn fullskipaður og voru þessar tillögur stjórnar FV því lagðar fyrir Starfshóp stjórnarráðsins um byggðamál sem áhersluverkefni til eins árs í Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019. Voru hugmyndirnar síðan staðfestar af stýrihópnum og einnig af samráðsvettvangi um Sóknaráætlun Vestfjarða þegar hann kom saman 28. ágúst 2015.

Hér á eftir fer yfirlit um stöðu og framkvæmd samþykktra áhersluverkefna:

Stöðuskýrsla: Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum (Eftir gegnumslátt)

Vinna að verkefninu hófst í október 2015 með nánari útfærslu á verkefninu samhliða og vali á ráðgjafa stóð yfir. Samið var í lok nóvember við Teiknistofuna Eik, Ísafirði og Eflu, verkfræðistofuna, Reykjavík um samstarf þessara tveggja aðila um ráðgjöf við verkefnið. Fjárhagsrammi samningsins er 4 mkr og miðast við að verkefnið verði unnið á tímabilinu desember 2015 til loka maí 2016.

Í desember voru unnin drög að greinargerð fyrir verkefnið en meginþungi vinnu við verkefnið verður í janúar til apríl 2016.

	Áfallin kostnaður 31.12.2015
Laun- og launatengd gjöld	177.495
Aðkeypt þjónusta	380.800
Fundakostnaður, verkefnastjórn	7.391
Ferðakostnaður	36.102
Ófyrirséður kostnaður	0
Aðkeypt gögn	0
Skrifstofuaðstaða	0
Fundakostnaður, samráðsv.	0
Auglýsingar, útgefið efni	0
Heildarkostnaður	601.788

Verkefninu *Eftir gegnumslátt – undirbúningur stefnumörkunar* er ætlað að leggja grunn að stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum. Talsverðar breytingar hafa orðið í atvinnulífi á Vestfjörðum undanfarin misseri, m.a. með fjölgun ferðamanna og auknu fiskeldi. Svipaðri þróun er spáð næstu árin. Uppbygging innviða á Vestfjörðum síðustu misseri hefur einnig jafnt og þétt bætt lífsgæði og rekstrarumhverfi fyrirtækja. Veruleg breyting verður árið 2019 þegar fyrirhugað er að jarðgöng og heilsársvegur muni tengja saman norður- og suðurhluta Vestfjarða. Í undirbúningsvinnu fyrir stefnumörkunina verður leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvaða leið er farsælast að fara við stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum? Skoðaðir verða tveir möguleikar: Gerð svæðisskipulags eða svæðisáætlunar.

- Hver er stefna sveitarfélaga á Vestfjörðum samkvæmt gildandi áætlunum? Í hvaða málaflokkum er samhljómur og í hvaða flokkum greinir á? Hvert er leiðarljós sveitarfélaganna?
- Er samhljómur í þeirri stefnu sem geirar í atvinnulífinu hafa markað sér?
- Hver verða helstu viðfangsefni í stefnumörkuninni? Hvaða málaflokkar eiga að vera til umræðu við stefnumörkunina og hvaða einstök efnisatriði?
- Hvernig á að meta og mæla árangur gildandi stefnu og fyrirhugaðrar stefnu?

Afurð verkefnisins verður svokallaður rammi fyrir næstu skref. Stefnumörkunin sem unnin verður í kjölfarið verður vegvísir sveitarfélaga, íbúa og atvinnulífsins – vegvísir eftir gegnumslátt – svo nýta megi þau tækifæri sem skapast og yfirvinna þær hindranir sem kunna að vera til staðar.

Verkefnanefnd verður sett sem skipuð er fulltrúum sveitarfélaga á Vestfjörðum. Ráðgjafar með aðstoð verkefnanefndar munu halda utan um vinnuna.

Verkþættir og tímalína

Áætlað er að verkefnið verði unnið á tímabilinu desember 2015 til mars – maí 2016. Helstu skref við vinnu verkefnisins verða eftirfarandi:

1. Undirbúningur verkefnavinnu

Verkefnanefnd sett á fót og virkjuð og áætlun gerð.

Janúar 2016. Kynning á þessari áætlun og fyrstu skrefum var haldin á samráðsfundi sveitarfélaga 22. janúar 2016.

2. Samantekt og greining fyrirbyggjandi gagna

Samantekt á stefnu sveitarfélaga og öðrum áætlunum. Samantekt á stöðu Vestfjarða.

Í byrjun febrúar 2016 funduðu ráðgjafar og FV vegna undirbúnings fyrsta fundar verkefnanefndar.

3. Fundur verkefnanefndar

Ráðgjafar kynna verkefnanefnd niðurstöðu greiningar og leggja fram tillögu að meginmarkmiðum vinnunnar. Drög lögð að árangursviðmiðum. Fundur haldinn um miðjan febrúar 2016.

4. Samtal við atvinnurekendur

Viðtöl við atvinnurekendur og aðra aðila á svæðinu eftir þörfum. Gert í kjölfar greiningar á fyrirbyggjandi gögnum. Febrúar og mars 2016. Verkefnanefnd fundar einu sinni eða tvisvar eftir þörfum á þessu tímabili.

5. Drög að ramma um stefnumótun

Verkefnanefnd tekur ákvörðun um hvaða leið sveitarfélög á Vestfjörðum vilji fara við stefnumörkun.

Hver eru sameiginlegu viðfangsefnin, hvaða sveitarfélög verða með í þessari vinnu og hvernig munu þau vinna saman? Drög að ramma fyrir stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum lögð fram. Áætlað er að drögin liggja fyrir í byrjun apríl 2016.

6. Samráð og kynning niðurstöðu

Drög að ramma fyrir stefnumörkun lögð fyrir samráðsvettvang sóknaráætlunar og aðilar þar beðnir um að skila umsögn. Niðurstöður og drög að ramma kynnt meðal sveitarfélaga/svæða. Sent til kynningar í lok apríl 2016.

7. Fundur verkefnanefndar

Úrvinnsla athugasemda og umsagna. Tillaga að ramma fyrir stefnumörkun samþykkt af verkefnanefnd. Fyrri hluti maí 2016.

8. Rammi fyrir stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum lagður fram

Ramminn kynntur sveitarstjórnnum. Ferli kynningar má sníða að niðurstöðunni, þ.e. hvort ákveðið verður að fara í formlegt ferli svæðisskipulags eða fara aðrar leiðir, s.s. svæðisáætlun. Áætlun verður kynnt þátttakendum og í framhaldinu almenningi. Ramminn um stefnumörkun mun liggja fyrir í lok maí 2016.

Stöðuskýrsla: Inwestfjords

Verkþáttur 1 – Stofnun Inwestfjords:

Áhugi innlendra og erlendra fjárfesta hefur verið kannaður og nú er verið beina verkefninu í þann veg að Hvetjandi verði eflður sem fjárfestingasjóður, það útilokar þó ekki að sérstakur sjóður gæti verið stofnaður um ákveðin sérverkefni og stærri verkefni. Samstarfsaðilar geta unnið í stórum verkefnum sem smáum en áherslurnar hafa verið á stærri verkefni á þessum stigum í verkefninu. Verið er að vinna með stækkun sem gæti verið 300-500 milljónir króna sem munu verða tengt sérverkefnum (sjá verkþátt 2). Verkþátturinn hefur því breyst lítillega en langtímamarkmiðið er það sama að auka fé í beinar fjárfestingar.

Verkþáttur 2 – Mótun verkefna:

Á árinu 2015 voru eftirfarandi verkefni mótuð; stækkun á seiðaeldi, afurðavinnsla fyrir laxa- og silungaafurðir, kalkpörungaverkefni (2 verkefni), áburður og olía úr hliðarafurðum frá vinnslufyrirtækjum, afþreyingarverkefni í ferðapjónustu, hótelluppbygging, fiskroð og þaraböð. Önnur verkefni voru skoðuð á árinu en fóru ekki í viðskiptaáætlanagerð eða undirbúning undir fjárfestingakynningar.

Kostnaðaruppgjör

Á árinu 2015 var eftirfarandi fært í bókhaldi (með fyrirvara um leiðréttingar) og verkefnabókhaldi framkvæmdaraðilans Atvest:

Ferðir og fundir	1.210.873 kr.
Verkefnakostnaður og aðkeypt þjónusta og ráðgjöf	1.864.816 kr.
Vinna	4.955.000 kr.
Samtals	8.030.689 kr.

Þar sem verkefnið byrjaði seint á árinu 2015 er gert ráð fyrir að því ljúki á fyrstu mánuðum 2016 með tilheyrandi kostnaði og flutningi fjármuna milli ára.

Stöðuskýrsla: Verkefnið „Bein markaðssetning“

Vestfirðir eru minnst heimsótt svæðið af erlendum ferðamönnum og jafnframt er árstíðasveiflan mikil. Verkefnið **Bein markaðssetning** gekk út á að grípa til markaðsaðgerða til að koma svæðinu meira á framfæri, með sérstaka áherslu á markaðssetningu utan háannar.

Verkefnið var unnið af Markaðsstofu Vestfjarða (MV) sem er starfandi deild innan Fjórðungssambands Vestfirðinga. En ásamt MV unnu að verkefninu Atvinnupróunarfélag Vestfjarða, Ferðamálasamtök Vestfjarða og ferðapjónar á svæðinu.

Í Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019 var lögð áhersla á að mæta helstu vandamálum sem einkenna byggðapróun og atvinnulíf í fjórðungnum, en einnig var hugað sérstaklega að þeim geirum atvinnulífs sem í senn svara þessum vanda og gefa tækifæri til vaxtar og sóknar líkt og ferðapjónusta gerir. Ferðapjónusta er vaxandi grein á Vestfjörðum, en langflest ferðapjónustufyrirtæki eru smá og hafa takmarkaða getu til að sinna markaðssetningu.

Verkefnið **Bein markaðssetning** skiptist í fjóra verkþætti sem öllum er lokið.

1. Sýningar/vinnustofur

Markaðsstofa Vestfjarða fór á tvær sýningar í tengslum við verkefnið árið 2015, ferðasýninguna VestNorden og vinnustofur í Bandaríkjunum og Kanada.

2. Móttaka blaðamanna

Í tengslum við verkefnið var tekið á móti blaðamönnum frá Bandaríkjunum og frá Skandinavíu. Í heildina var tekið á móti sjö blaðamönnum á vegum verkefnisins. Móttaka blaðamanna er unnin í samstarfi við Íslandsstofu.

3. Auglýsingar

Unnið var með Kapall markaðsráðgjöf við gerð og birtingar á net auglýsinum. Var þar sérstaklega horft á að kynna Vestfirði utan háannar. Auglýsingarnar voru birtar á netinu (google ads) sem og á facebook sem keyptar umfjallanir.

4. Kynningar

Unnið var að því að koma á framfæri skemmtilegum umfjöllunum um svæðið, var það meðal annars gert í gegnum samfélagsmiðla. En erfiðlega gett að fá innlenda fjölmiðla til að taka þátt.

Mælikvarðar á árangur þessa verkefnis eru ákveðnum takmörkunum háðir vegna þess þrönga tímaramma sem verkefnið hefur. Markaðssetning svæðis er langtímaverkefni sem erfitt er að mæla, meðal annars vegna skorts á gögnum. Ákveðnir mælikvarðar hafa þó verið notaðir til að meta þann árangur sem náðst hefur, þannig hefur umferð á heimasíðu Markaðsstofu Vestfjarða, sem er eitt helsta markaðstól MV, aukist um 260% síðan 2012. Jafnframt hefur sýnileiki Vestfjarða á samfélagsmiðlum margfaldast á sama tíma, eða um 750%. Þá hafa gistináttatölur sýnt mikla aukningu en við erum þó enn að bíða eftir nýjum tölur þar sem Vestfirðir og Vesturland eru ekki flokkuð sem eitt svæði.

Bein markaðssetning - Sóknaráætlun 2015		
Sýningar		
	VestNorden	
	Sýningarkostnaður	120.000
	Ferðakostnaður	200.000
	Nýtt efni	100.000
	Workshop USA/CAN	
	Sýningarkostnaður	0
	Ferðakostnaður	350.000
Móttaka blaðamanna		
	Sam Horine	250.000
	Blaðamannaferð	400.000
Auglýsingar á samfélagsmiðlum		
	Google ads - IBI	1.700.000
	Facebook boost	500.000
	Ísl auglýsingar	500.000
Kynningar		
	Jákvæðir Vestfirðir	880.000
Samtals		5.000.000

5. Uppbyggingarsjóður

Samkvæmt samþykkt stjórnar FV frá 23. febrúar 2015 voru 60 milljónir til ráðstöfunar úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða og var úthlutunarnefnd falið að skipta þeim þannig að 20 milljónir gengju til stærri nýsköpunar- og atvinnuþróunarverkefna þar sem styrkir væru hærri en ein milljón og 20 milljónir gengju til stofn- og rekstrarstyrkja menningarstofnana eða stærri menningarverkefna þar sem styrkir væru hærri en ein milljón. Loks gengju 20 milljónir til minni styrkveitinga ýmist á sviði nýsköpunar, atvinnuþróunar eða menningarmála þar sem einstakir verkefnastyrkir eru ein milljón eða lægri.

Á fundi FV þann 24. mars 2015 voru síðan samþykktar verklagsreglur vegna úthlutunar úr Uppbyggingarsjóði og sömuleiðis úthlutunarreglur og umsóknareyðublað. Þessi plögg voru unnin á grunni samningsins og viðmiða stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál og farið eftir leiðbeiningum verkefnastjóra sóknaráætlunar. Jafnframt var samstarf haft við önnur landshlutasamtök um gerð reglnanna og efni tillagna var kynnt Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða áður en þau voru samþykkt. Samkvæmt reglum var síðan leitað eftir staðfestingu stýrihóps stjórnarráðsins á reglunum áður en hægt var að auglýsa eftir umsóknum um styrki úr Uppbyggingarsjóði, en það var gert þann 1. apríl 2015 og umsóknarfrestur var samkvæmt ákvörðun stjórnar FV til 30. apríl. Þessi frestur var síðan framlengdur til 11. maí, að beiðni Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og nokkurra umsækjenda sem óskuðu eftir meira svigrúmi til að kynna sér reglur og fyrirkomulag hins nýja sjóðs. Áður en frestur rann út var boðið upp á vinnustofur um gerð styrkumsókna til Uppbyggingarsjóðs á þremur stöðum á Vestfjörðum, í þróunarsetrunum á Patreksfirði, Hólmavík og Ísafirði. Þar buðu starfsmenn FV og AtVest upp á leiðsögn til umsækjenda og svöruðu spurningum þeirra. Starfsmennirnir sáu einnig um ráðgjöf til umsækjenda í gegnum tölvupóst og síma og eins voru þeir aðgengilegir á skrifstofutíma.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skipaði síðan fulltrúa í Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða á fundi sínum þann 11. maí 2015. Ákveðið var að ein 9 manna úthlutunarnefnd færi yfir og afgreiddi allar umsóknir, en ekki yrði skipað í sérstök fagråd fyrir menningu og atvinnuþróun. Í úthlutunarnefndina voru skipuð Arna Lára Jónsdóttir Ísafirði, Ásgerður Þorleifsdóttir Ísafirði, Emelía Dagný Sveinbjörnsdóttir Ísafirði, Eva Dögg Jóhannesdóttir Tálknafirði, Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir Bolungarvík, María Hildur Maack Reykhólum, Peter Weiss Ísafirði, Sigurður Viggósson Patreksfirði og Viðar Guðmundsson Miðhúsum á Ströndum. Á fyrsta fundi nefndarinnar var Arna Lára kosin formaður en hún var áður formaður stjórnar Vaxtarsamnings Vestfjarða. Ásgerður Þorleifsdóttir var kjörin varaformaður en hún var áður formaður Menningarráðs Vestfjarða. Fulltrúar í nefndinni undirrituðu trúnaðaryfirlýsingu áður en starfið hófst og tóku allir virkan þátt í störfum nefndarinnar.

TAFLA 5A: BAKGRUNNUR FULLTRÚA Í ÚTHLUTUNARNEFND UPPBYGGINGARSJÓÐS VESTFJARÐA VIÐ ÚTHLUTUN 2015

Bakgrunnur fulltrúa		Búseta fulltrúa		Aldur fulltrúa		Kyn fulltrúa	
Fulltrúi fyrir	Fjöldi	Sveitarfélag	Fjöldi	Aldursbil	Fjöldi	Kona / Karl	Fjöldi
Atvinnulífið	2	Ísafjarðarbær	4	< 25 ára	0	Karlar	3
Fræðasamfélag	2	Vesturbyggð	1	25-39 ára	4	Konur	6
Opinberar stofnanir	1	Bolungarvíkurkaupstaður	1	40-60 ára	4		
Kjörnir fulltrúar	4	Strandabyggð	1	> 60 ára	1		
Félagasamtök	0	Tálknafjarðarhreppur	1				
		Reykhólahreppur	1				
		Súðavíkurhreppur	0				
		Kaldrananeshreppur	0				
Annað		Árneshreppur	0				
Samtals	9	Samtals	9	Samtals	9	Samtals	9

Styrkir Uppbyggingarsjóðs ásamt úthlutunarreglum voru auglýstir á vefsíðu FV og einnig með fréttatilkynningu þann 1. apríl. Eins var auglýst með auglýsingaborða á bb.is og fleiri frétt- og svæðisvefjum, reglulegum fréttatilkynningum sem m.a. sveitarfélögin á Vestfjörðum voru beðin að setja á sína vefi og framsenda viðeigandi aðilum og loks var dreifibréf um sjóðinn sent til allra heimila og fyrirtækja á Vestfjörðum.

Úthlutunarnefndin fundaði 4 sinnum í tengslum við úthlutun 2015 og afgreiddi tilögu sína til stjórnar FV á fundi þann 30. júní 2015. Stjórn FV samþykkti síðan þá tillögu óbreytta á fundi sínum 3. júlí 2015 og sama dag var umsækjendum tilkynnt um niðurstöðuna í tölvupósti á þau netföng sem gefin voru upp í umsóknum. Fréttatilkynning var svo birt í kjölfarið. Ekki var sérstök viðhöfn höfð við afhendingu styrkja. Ákveðið var að styrkþegar þyrftu að skila afriti af bókhaldsgögnum með lokaskýrslum vegna allra styrkja Uppbyggingarsjóðs á árinu 2015 til að fá lokagreiðslu styrkja greidda út.

Skipunartími fyrstu úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs var til næsta Fjórðungspings Vestfirðinga. Það þing var haldið dagana 2.-3. október 2015 og þar voru samþykktar breytingar á samþykktum FV sem gera ráð fyrir að í framtíðinni verði kosið í nefndina til tveggja ára á Fjórðungspingum Vestfirðinga, næst árið 2016. Breytingar urðu á skipun nefndarinnar á Fjórðungspinginu í október þar sem í hana voru kosnir eftirfarandi fulltrúar:

- Arna Lára Jónsdóttir - norðanverðum Vestfjörðum
- Ásgerður Þorleifsdóttir - norðanverðum Vestfjörðum
- Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir - norðanverðum Vestfjörðum
- Anna Vilborg Rúnarsdóttir - sunnanverðum Vestfjörðum
- Sigurður Viggósson - sunnanverðum Vestfjörðum
- Eva Dögg Jóhannesdóttir - sunnanverðum Vestfjörðum
- Viðar Guðmundsson - Ströndum
- Peter Weiss - norðanverðum Vestfjörðum
- Finnur Ólafsson - Ströndum

Varamenn voru kosnir samkvæmt samþykktum FV:

- Kolfinna Ingólfssdóttir - Reykhólahreppi
- Gunnar Jónsson - norðanverðum Vestfjörðum
- Martha Kristín Pálmadóttir - norðanverðum Vestfjörðum
- Ásta Þórisdóttir - Ströndum
- Matthías Ágústsson - sunnanverðum Vestfjörðum
- Ása Dóra Finnbogadóttir - sunnanverðum Vestfjörðum
- Örn Elías Guðmundsson - norðanverðum Vestfjörðum
- Þórir Sveinsson - sunnanverðum Vestfjörðum
- Helgi Hjálmtýrsson - norðanverðum Vestfjörðum

TAFLA 5B: SKIPTING FRAMLAGA (GRUNNFRAMLAG OG FRAMLAG SVEITARFÉLAGA)

	2015	2016	2017	2018	2019	Samtals
Umsóknir						
Fjöldi umsókna	120					
Heildarfjárhæð sem sótt er um	239.829.295 kr.					
Veittir styrkir						
Fjöldi styrkja	57					
Heildarupphæð styrkja	60.000.000 kr.					
Heildarupphæð mótfamlaga	633.219.901					
Fjöldi lokinna verkefna	15					
Fjöldi verkefna í vinnslu	33					
Fjöldi verkefna sem ekki eru hafin	7					
Fjöldi verkefna sem hætt var við	2					
Fjöldi verkefna undir 500 þús.	12					
Fjöldi verkefna milli 500 þús til 2,5 m.kr.	43					
Fjöldi verkefna hærrí en 2,5 m.kr.	2					
Áætlaður fjöldi ársverka	6					

Samanlögð heildarfjárhæð í fjárhagsáætlunum þessara verkefna og umsækjenda voru tæplega 1,5 milljarður. Styrkumsóknir voru heldur færri en samanlagðar umsóknir í vaxtarsamning og menningarsamning á síðustu árum. Þær endurspeglu þó vel viðvarandi fjármagnspörf til uppbyggingar og nýsköpunar í vestfirskum fyrirtækjum og menningarstofnunum. Um leið gefa þær ástæðu til bjartsýni því umsóknirnar miðla ríkulegri hugmyndauðgi, fjölbreytni og umtalsverðum framkvæmdahug.

60 milljónir voru til úthlutunar til margvíslegra verkefna og uppbyggingar víða um Vestfirði. Umsóknir voru fjölbreyttar og mörg verkefni afar áhugaverð. Ákveðið var að þessu sinni að styrkja 20 verkefni og stofnanir í flokki hærrí styrkja (framlag herra en milljón), en 40 milljónir voru samtals til ráðstöfunar í þeim flokki. Alls voru 9 þessara verkefna á sviði atvinnuþróunar- og nýsköpunar, en 11 verkefni voru annaðhvort viðameiri menningarverkefni eða að um var að ræða stofn- og rekstrarstyrki til menningarstofnana. Upphæðir þeirra voru á bilinu 1,2 milljónir til 5 milljónir sem var hæsti styrkur á árinu 2015. Í flokknum minni styrkir (milljón eða

minna), þar sem 20 milljónir voru til ráðstöfunar, fengu alls 37 verkefni styrkvilyrði á bilinu 110 þúsund til 1 milljón. Heildarfjöldi styrktra verkefna var því 57 og eru viðtakendur styrkjanna 49. Meðalupphæð styrkvilyrða í heildina er rúmlega milljón.

Varðandi kynjahlutföll þá skiptast styrkvilyrði þannig að varðandi stærri verkefni 20 eru í 11 tilvikum konur í forsvari verkefna eða stofnana, en í 9 tilvikum karlar. Varðandi minni verkefni er skiptingin næstum jöfn, í 18 tilvikum eru konur í forsvari og í 19 tilvikum karlar.

Styrkt verkefni voru eftirfarandi (umsækjandi í sviga):

5.000.000

- Sjávarútvegsklasi Vestfjarða - Þróunarmiðstöð (Sjávarútvegsklasi Vestfjarða)

3.000.000

- Rekstur Edinborgarhúss ehf, Menningarmiðstöðvarinnar Edinborgar og Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar (Edinborgarhúsið ehf - Menningarmiðstöð)

2.500.000

- Stefnumótun vestfirskrar ferðapjónustu 2016-2020 (Ferðamálasamtök Vestfjarða)
- Galdrasýning á Ströndum - rekstur og uppbygging (Strandagaldur ses)

2.200.000

- Rannsóknastofa um umhverfisáhrif á sjávarlífverur (Rannsóknasetur HÍ á Vestfjörðum)
- Pilot Book & Cruising Guide for the Westfjords of Iceland (Maik Brötzmann)

2.000.000

- Dropi á heilsuvörumarkað í Bandaríkjunum (True Westfjords ehf)
- Melrakkasetur Íslands - rekstur og uppbygging (Melrakkasetur Íslands ehf)
- Hús Samúels (Félag um listasafn Samúels)

1.800.000

- Rekjanleiki lambakjöts frá beitilandi til neytenda (Náttúrustofa Vestfjarða)
- Westfjords Residency in Þingeyri (Simbahöllin ehf)

1.500.000

- Uppbygging ferðapjónustu í Önundarfirði (Perlur Fjarðarins ehf)
- Menningarviðburðir Menningarmiðstöðvarinnar Edinborgar 2015 (Menningarmiðstöðin Edinborg)
- Sauðfjársetur á Ströndum - rekstur og uppbygging (Sauðfjársetur á Ströndum ses)
- Bata- og hlunnindasýningin á Reykhólum - rekstur og uppbygging (Bata- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf)
- Skrímslasetrið á Bíldudal - rekstur og uppbygging (Félag áhugamanna um skrímslasetur)
- Verbúðin (VESTURPORT Evrópa Kvikmyndir)
- Nýsköpunarhelgi Grunnskóla Vestfjarða (Hafdís Gunnarsdóttir)

1.300.000

- Markaðssetning Pedal Projects (Pedal Projects)

1.200.000

- Endurgerð varðveisluverðra báta - Sæbjörg BA 59 (Félag áhugamanna um Bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum)

1.000.000

- Act Alone - einleikjahátíð 2015 (Act Alone, áhugafélag)
- Aldrei fór ég suður 2015 (Aldrei fór ég suður, félag)
- Viðgerðar og nýbyggingarmiðstöð súðbyrðinga og smærri báta (Byggðasafn Vestfjarða)
- Tiny Iceland. Færanleg, sjálfbær smáhýsi (Fjólubláa Húfan ehf)
- Gengin spor við Djúp - heimildamynd (Menning og saga)
- Náttúrubarnaskóli (Sauðfjarsetur á Ströndum)
- Skjaldborg - hátíð íslenskra heimildamynda (Skjaldborg, hátíð)

900.000

- LÚR festival 2015 (LÚR festival, Menningarmiðstöðin Edinborg)

800.000

- Arnarfjörður á miðöldum (Náttúrustofa Vestfjarða, fornleifadeild)

700.000

- Útivistar-, menningar- og listasvæði Raggagarðs (Raggagarður)

600.000

- List á Vestfjörðum 2015-2016 (Félag vestfirskra listamanna)

500.000

- Steinshús. Opnun safns, skálda- og fræðimannaseturs til minningar um Stein Steinarr skáld (Steinshús ses)
- ArtsIceland og Gallerí Úthverfa í miðbæ Ísafjarðar (Kol & salt)
- Grettir leikrit (Kómedíuleikhúsið)
- Oktavíus nýtt leikverk um Gísla á Uppsölum (Kómedíuleikhúsið)
- Turtle filmfest Hólmavík (Turtle filmfest)
- Sumarmölin 2015 (Standard og gæði ehf)
- Steampunk Iceland - Ævintýrahátíð 2015 (Bildalia ævintýraland)
- Spánverjavíganna minnst 400 árum síðar (Baskavinafélagið á Íslandi)
- Fallinn skógur - Rekaviður í hönnun (Dóra Hansen og Elísabet V. Ingvarsdóttir)
- Send í sveit - sýning um reynslu af Ströndum (Esther Ösp Valdimarsdóttir)
- Ýtt úr vör (Júlía Bjarney Björnsdóttir)
- Sýningin „Frönsku fiskimennirnir og gamli tíminn“ (Látraröst ehf)
- Gunna fótalaus - minnisvarði og sýning (Minja- og handverkshúsið Kört)

- Sumarstundir á Minjasafni Egils Ólafssonar að Hnjóti (Minjasafn Egils Ólafssonar)

400.000.-

- Okkar eigin heimildarmyndir (Sigurðardóttir ehf)

300.000.-

- Steypa - Photography Exhibition in Djúpvík 2015 (Claus E. Daublebsky von Sterneck)
- Styrkur fyrir upptökum og kynningu á Rythmatik (Hljómsveitin Rythmatik)
- Galdrakarlinn í Oz á Þingeyri (Höfrungur leikdeild)
- Sweeney Todd, leiksýning (Leikfélag Hólmavíkur)
- Uppsetning ísfirskrar revíu (Litli leikklúbburinn)
- Kallarðu þetta leikrit (Litli leikklúbburinn)

200.000

- ÍSÓ 2015 (Félag íslenskra samtímaljósmyndara)
- Útskriftarferðin og Hlaupu týnstu (Leikfélag Hólmavíkur)

150.000

- Ingibjörg og álfurinn - Jóladaatal (Guðlaug G.I. Bergsveinsdóttir og Dagný Hulda Valbergdóttir)

140.000

- Ísfirskar listakonur í 100 ár (Safnahúsið Ísafirði, Listasafn Ísafjarðar)

110.000

- Námskeiðaferna LL (Litli leikklúbburinn)

Tveir styrkþegar afþökkuðu styrki sína á árinu 2015.

TAFLA 6: KYNGREINING UMSÓKNA OG STYRKJA

	Heild	Karlar	Konur	% kvk	% kk
Umsóknir					
Fjöldi umsókna	120	69	51	42,5	57,5
Meðalfjárhæð umsókna	1.998.577	1.980.831	2.022.587		
Veittir styrkir					
Fjöldi styrkja	57	28	29	50,9	49,1
Meðalfjárhæð styrkja	1.052.632	1.036.071	1.068.621		

TAFLA 7: KYNGREINING STARFA SEM ÆTLAD ER AÐ SKAPIST VEGNA VERKEFNA

	Nær eingöngu kk störf	Fleiri kk en kvk störf	Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk störf	Nær eingöngu kvk störf	Samtals
Umsóknir						
Fjöldi umsókna	16	23	50	14	17	120
Meðalfjárhæð umsókna	1.325.182	3.126.929	1.735.579	2.730.944	1.182.050	
Veittir styrkir						
Fjöldi styrkja	5	8	28	6	10	57
Meðalfjárhæð styrkja	1.100.000	1.500.000	939.643	1.550.000	689.000	

Rétt er að taka fram vegna umbeðinna upplýsinga um umsóknir í töflu 7, að engin störf skapast fyrir tilstuðlan Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða nema innan vébanda þeirra verkefna sem fá styrki þaðan.

TAFLA 8: UPPRUNI UMSÓKNA EFTIR SVEITARFÉLAGI

Sveitarfélag	Póstnúmer	Fjöldi umsókna/styrkja	Meðalfjárhæð umsókna/styrkja
Umsóknir			
	400, 401, 410, 425, 430, 470, 471	65	2.211.621 kr.
Ísafjarðarbær	471	65	2.211.621 kr.
Vesturbyggð	450, 451, 465	16	1.361.554 kr.
Bolungarvíkurkaupstaður	415	8	1.202.526 kr.
Strandabyggð	510, 500, 512	12	1.673.419 kr.
Tálknafjarðarhreppur	460	3	2.616.667 kr.
Reykholahreppur	380	8	3.323.750 kr.
Súðavíkurhreppur	420, 401	3	2.066.667 kr.
Kaldrananeshreppur	510, 520	2	1.450.000 kr.
Árneshreppur	524	3	805.000 kr.
Samtals		120	
Veittir styrkir			
	400, 401, 410, 425, 430, 470, 471	31	1.085.484 kr.
Ísafjarðarbær	471	31	1.085.484 kr.
Vesturbyggð	450, 451, 465	6	1.000.000 kr.
Bolungarvíkurkaupstaður	415	3	2.000.000 kr.
Strandabyggð	510, 500, 512	8	875.000 kr.
Tálknafjarðarhreppur	460	0	0 kr.
Reykholahreppur	380	3	950.000 kr.
Súðavíkurhreppur	420, 401	2	1.350.000 kr.
Kaldrananeshreppur	510, 520	1	500.000 kr.
Árneshreppur	524	3	433.333 kr.
Samtals		57	

TAFLA 9: ATVINNUGREINAFLOKKUN UMSÓKNA OG STYRKJA

Atvinnugreinaflokkun	Fjöldi	Meðalfjárhæð
Umsóknir		
R - Menningar-, íþróttá- og tómstundastarfsemi	79	1.381.531 kr.
P - Fræðslustarfsemi	9	1.733.918 kr.
F - Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	6	3.883.333 kr.
B - Fiskveiðar	1	15.000.000 kr.
C - Framleiðsla	6	2.124.291 kr.
S - Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	7	3.787.714 kr.
M - Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	7	2.714.624 kr.
Q - Heilbrigðis- og félagsþjónusta	2	4.103.000 kr.
A - Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	1	1.500.000 kr.
D - Rafmagns-, gas- og hitaveitur	1	4.068.000 kr.
G - Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum	1	4.746.960 kr.
Samtals	120	
Veittir styrkir		
R - Menningar-, íþróttá- og tómstundastarfsemi	44	822.727 kr.
P - Fræðslustarfsemi	2	1.250.000 kr.
F - Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	2	1.000.000 kr.
B - Fiskveiðar	1	5.000.000 kr.
C - Framleiðsla	2	1.650.000 kr.
S - Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	3	2.066.667 kr.
M - Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	3	1.600.000 kr.
Samtals	57	

6. Samstarfsverkefni landshluta

Samstarf landshlutasamtaka er töluvert og snýst um fjölbreytt verkefni og hagsmunagæslu. Samráðsfundir eru haldnir reglulega og skiptast samtökin á að fara formennsku í þessum hópi og að vera talsmenn við stjórnvöld. Með sama hætti er gott samstarf og reglulegir fundir hjá þeim sem sinna atvinnuþróun og menningarmálum í ólíkum landshlutum. Á þessu sviði er nokkuð um samstarfsverkefni sem þó tengjast sóknaráætlunum ekki beinlínis, sem dæmi má nefna verkefnið Þjóðleik – leiklistarverkefni og hátíðir ungs fólks – sem menningarfulltrúar á landsbyggðinni halda uppi á landsvísu í samstarfi við Þjóðleikhúsið.

Eitt verkefni sem styrkt var af Uppbyggingarsjóði Vestfjarða 2015 var einnig styrkt af Uppbyggingarsjóði Eyþings, en það var lítið samvinnuverkefni á menningarsviði þar sem þátttakendur komu af þessum tveimur landsvæðum. Því miður varð ekki af framkvæmdinni og styrkþegar afsöluðu sér styrknum.

7. Lokaorð

Vinnan við Sóknaráætlun Vestfjarða 2015 hefur verið sannkallað lærdómsferli fyrir starfsmenn Fjórðungssambands Vestfirðinga. Tvennt stendur upp úr í árslok 2015. Annað er það vantar meira fjármagn í sóknaráætlanir landshlutanna. Hitt er að sjálf aðferðin sem sóknaráætlanir snýst um við útteilingu fjármagns til verkefna í hverjum landsfjórðungi er líkleg til að skila góðum árangri og hún er vel heppnuð ef það markmið er haft að leiðarljósi að þeir fjármunir sem til ráðstöfunar eru komi að sem bestum notum við uppbyggingu og framþróun á landsbyggðunum.

8. Undirritun og staðfesting

Hér með er þessi greinargerð lögð fram og staðfest að allar upplýsingar eru gefnar af bestu vitund um nákvæmni, áreiðanleika og réttmæti.

Ísafirði, 17. febrúar 2016

Aðalsteinn Óskarsson,
framkvæmdastjóri

9. Viðauki – leiðbeiningar og skilgreining hugtaka í töflum

Tafla 1. Heildarupphæð samnings

Framlög ríkisins: Heildarframlag ríkisins til samningsins.

Framlög sveitarfélaga: Heildarframlag sveitarfélaga til samningsins.

Önnur framlög: Heildarupphæð annarra framlaga, ef um slíkt var að ræða.

Flutt frá fyrra ári: Ef einhverjum fjármunum hefur ekki verið ráðstafað árinu á undan skal sú upphæð koma fram hér.

Vaxtatekjur: Vaxtatekjur fjármuna samnings.

Heildarupphæð: Samtala framangreindra upplýsinga.

Ráðstafað á árinu: Heildarupphæð sem ráðstafað var á árinu. Áhersla er lögð á að ráðstafa skuli fjárframlögum hvers ár á því ári.

Tafla 2. Skipting fjármagns

Hér er óskað eftir sundurliðun á því hvernig framlög samnings skiptast milli áhersluverkefna, uppbyggingarsjóðs og, ef við á, til stofn- og rekstrarstyrkja á sviði menningarmála.

Áhersluverkefni: Heildarupphæð sem ráðstafað var til áhersluverkefna.

Uppbyggingarsjóður: Heildarupphæð sem ráðstafað var úr uppbyggingarsjóði.

Umsýsla: Heildarupphæð sem ráðstafað var í umsýslu með samningnum.

Stofn- og rekstrarstyrkir: Ef ráðstafað er sérstaklega til stofn- og rekstrarverkefna skal gerð grein fyrir því hér.

Tafla 3. Samráðsvettvangur

Bakgrunnur fulltrúa: Greina frá hvaðan fulltrúar koma, þ.e. hve margir koma úr atvinnulífinu, fræðasamfélagi, frá opinberum stofnunum, félagasamtökum o.s.frv. Fjölga skal línunum eftir þörfum. „Kjörnir fulltrúar“ eru þeir sem eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórnunum.

Búseta fulltrúa: Fylla skal út í línurnar með heitum allra sveitarfélaga í landshlutanum og fjölda fulltrúa frá hverju þeirra, hvort sem sveitarfélagið á fulltrúa í samráðsvettvangnum eður ei.

Aldur fulltrúa: Fjöldi fulltrúa sem er yngri en 25 ára, fjöldi sem eru á bilinu 25-39 ára, fjöldi sem eru á bilinu 40-60 ára og fjöldi sem eru eldri en 60 ára.

Kyn fulltrúa: Þarfnast ekki skýringa.

Tafla 4. Áhersluverkefni

Heiti verkefnis: Þarfnast ekki skýringa.

Framlag úr sóknaráætlun: Þarfnast ekki skýringa.

Mótframlag: Greina frá mótframlagi, ef við á.

Framkvæmdaraðili: Þarfnast ekki skýringa.

Markmið: Stutt og hnitmiðað. Ein til þrjár setningar um markmið verkefnis.

Lokaafurð: Hver er áætluð lokaafurð (árangur) verkefnis. Ef verkefni er lokið, hver var lokaafurð (árangur). Helst ekki meira en ein stutt setning.

Verkefnatími: Hvenær hófst verkefnið og hvenær eru áætluð verklok / hvenær lauk verkefninu.

Tafla 5. Umsóknir / styrkir

Tafla 5 er tvískipt. Annars vegar er beðið um upplýsingar um umsóknir og hins vegar er beðið um upplýsingar um styrkúthlutanir.

Fjöldi umsókna: Heildarfjöldi umsókna í uppbyggingarsjóð á árinu.

Heildarupphæð sem sótt var um: Samanlögð upphæð allra umsókna á árinu.

Fjöldi styrkja: Heildarfjöldi styrkja úr uppbyggingarsjóði.

Heildarupphæð styrkja: Heildarupphæð sem úthlutað var úr uppbyggingarsjóði.

Heildarupphæð mótframlaga: Heildarupphæð mótframlaga samkvæmt samningum við styrkhafa.

Fjöldi lokinna verkefna: Fjöldi allra verkefna sem lokið var með fullnægjandi hætti á árinu.

Fjöldi verkefna í vinnslu: Fjöldi allra verkefna sem er ólokið fyrir áramót.

Fjöldi verkefna sem ekki eru hafin: Fjöldi verkefna sem hefur verið úthlutað til en vinna við þau er ekki farin af stað.

Fjöldi verkefna sem hætt var við: Fjöldi verkefna sem hætt var við á árinu og styrkveiting afturkölluð.

Fjöldi verkefna undir 500 þús.: Þarfnast ekki skýringar.

Fjöldi verkefna milli 500 þús til 2,5 m.kr.: Þarfnast ekki skýringar.

Fjöldi verkefna hærrí en 2,5 m.kr.: Þarfnast ekki skýringar.

Áætlaður fjöldi ársverka: Umsækjandi þarf að láta landshlutasamtökunum þessar upplýsingar í té. Eingöngu er átt við störf sem skapast á verkefnatímanum og greitt er fyrir, hvort heldur sem er með styrknum sjálfum eða með mótframlagi. Eitt ársverk eru 2.080 klukkutímar eða 12 x 173,3 klst (mannmánuður). Ef vinnuframlag í einu verkefni eru tveir mann mánuðir þá er áætlaður fjöldi ársverka 0,17 (þ.e. $173,3 \times 2 = 346,7$ klst. deilt með 2080 = 0,17), ef vinnuframlagið er hálf ár, þá er það hálf ársverk ($2080/2 = 1040$ klst. deilt með 2080 klst. = 0,5).

Tafla 6. Kyn umsækjenda / styrkhafa

Kyn umsækjenda / styrkhafa er flokkað eftir kyni forsvarsmanns umsóknar/verkefnisstjóra. Þetta á einnig við um opinberir aðilar.

Tafla 7. Kyngreining starfa sem skapast

Ef umsækjandi áætla að verkefnið hafi í för með sér starfasköpun á verkefnatímanum þá þarf hann að áætla hvort það séu kynbundin störf eða ekki. Hér er beðið um upplýsingar um hvort verkefni sem að áætlað er að skapi störf á verkefnatímanum séu nær eingöngu karlastörf, fleiri karlastörf en kvennastörf o.s.frv. Hér er ekki beðið um fjölda ársverka.

Athugið að upplýsingar í þessari töflu geta ekki verið annað en matskenndar og huglægar.

Tafla 8. Sveitarfélag og póstnúmer umsækjenda

Tafla 8 er tvískipt. Annars vegar er beðið um upplýsingar tengdum umsóknum og hins vegar er beðið um upplýsingar tengdum styrkúthlutunum. Fylla skal út heiti sveitarfélaga og póstnúmer. Í efri hluta töflunnar eru settar fram upplýsingar um fjölda umsókna og meðalfjárhæð sem sótt er um. Í neðri hluta töflunnar eru settar fram upplýsingar um fjölda styrkja og meðalfjárhæð þeirra.

Tafla 9. Atvinnugreinaflokkun

Tafla 9 er tvískipt. Annars vegar er beðið um upplýsingar tengdum umsóknum og hins vegar er beðið um upplýsingar tengdum styrkúthlutunum

Nota ISAT 2008 flokkunina – sjá flettilista í excel skjalinu.